


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ	<b>MYNL2SK05 - Þrívíddar formfræði</b> <b>Námsáætlun Haust 2019</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennarar	Arna Guðný Valsdóttir Helga Björg Jónasardóttir	AVA HBJ	arna@vma.is hbj@vma.is
----------	--	------------	---------------------------

**Viðtalstími kennara:** Samkvæmt samkomulagi

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er unnið með hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, ljós, skuggi og myndbygging auk annarra hugtaka sem tengjast skúlptúrum og þrívíðum verkum. Leitast verður við að kynna nemandanum fjölbreytta þrívíða vinnu og að hann skoði hvernig koma má tvívíðum skissum í þrívítt form. Unnið verður með ýmis efni s.s., pappír, leir, gifs, vír, garn, ullarflóka, léreft o.fl. Nemandinn heldur utan um skissur, hugmyndir, prufur og þróunarvinnu sína og setur fram með skipulögðum hætti. Auk þessa vinna nemendur rannsóknarverkefni í hópum sem þeir kynna fyrir samnemendum sínum.

### Markmið:

#### Þekkingarviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

hugtökum s.s. þrívídd, skúlptúr, lágmynd, myndbygging og rými eigin vinnuferli frá hugmynd að fullunnu verki grunnaðferðum afsteyputækni þrívíðri myndlist í nærumhverfinu og þekki höfunda hennar ýmsum stefnum og stílbrigðum í þrívíðri myndlist helstu efnum og aðferðum í gerð þrívíðra myndverka



#### Leikniviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

móta verk í þrívídd með mismunandi aðferðum vinna þrívítt út frá tvívíðum skissum beita mismunandi aðferðum og tækni í tilraunum og skissugerð meðhöndla efni og verkfæri til þrívíðrar myndsköpunar þróa þrívíð verk út frá eigin hugmyndum og tilraunum beita aðferðum sem nýtast í hugmyndavinnu, framsetningu verkefna og skipulagningu á verkferli og útfærslu verka sinna




#### Hæfniviðmið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

ræða um og rökstyðja þær hugmyndir sem hann túlkar í verkum sínum velja efni við hæfi til úrvinnslu þrívíðra verka sýna áræðni og frumkvæði við útfærslu í þrívíðri vinnu nýta sér sköpun, ímyndunarafli, innsæi og tilfinningar við þróun hugmynda, skissuvinnu og úrvinnslu fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum greina áherslur og stílbrigði merkingar í rýmis- og efnisnotkun þekkra listamanna

### Námsgögn:

Nemendur þurfa að hafa ferilbók ( A4 ) og/eða möppu til að halda utan um skissur, ljósmyndir, minnisþykki, tilraunir og hugmyndavinnu. Myndavél er mjög gagnleg til skrásetningar tilrauna og nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum í vel uppsettri ferilmöppu í lok annar. Ef nemendur vilja nota eitthvað sértækt efni við útfærslu verka sinna þá þurfa þeir að skaffa það sjálfir. Ítarefni frá kennara s.s. ljósrit, listaverkabækur/-blöð og ljósmyndir og rafrænt efni.

Nr.: GAI-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>MYNL2SK05 - Þrívíddar formfræði</b>	<b>Námsáætlun Haust 2019</b>

### Áætlun um yfirferð:

Vika 34-35	Lota 1 Þrívídd Grunnform	Grunnformin færð úr tvívídd í þrívídd. Þrívíðar tilraunir með ýmis efni og aðferðir. Hugtök = grunnform, tvívídd, þrívídd, myndbygging, rými o.fl. skoðuð.
Vika 36-40	Lota 2 Mótun Mótagerð	Mótun í leir og tilraunir með mótagerð og afsteypu. Gifs, pappmassi, límgrisjur, steypa og fl.
Vika 40-42	Lota 3 Veggverk	Lágmynd úr einu eða fleiri eignum - nemendur vinna með myndbyggingu, dýpt, forgrunn og bakgrunn verksins í huga
Vika 42-44	Lota 4 Rými	Unnið með hugtökin innsetning, rýmisverk, hljóð/ljós-skúlptúr, bæði hugmyndafræðilega og verklega.
Vika 44-49	Lota 5 Lokaverk	Lokaverkefni, frjálst efnisval og útfærsla. Frumleiki, rannsókn, íhugun, heiðarleiki, áræðni

Rannsóknarverkefni, nemendur afla sér þekkingar um ákveðinn listamann og kynna fyrir samnemendum. Verkefnið er unnið þvert á lotur. Vika 49 fer í frágang á möppum og undirbúning sýningar. Mikilvægt er að nemendur taki ljósmyndir af verkum sínum og vinnuferli.

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Lota 1	Mótun og grunnform		5%
Lota 2	Mótun og mótagerð		15%
Lota 3	Veggverk		10%
Lota 4	Rými og innsetningar		10%
Lota 5	Lokaverk		20%
Rannsókn	Rannsókn og kynningar á listamönnum		10%
Ferilbók	Skissur, skráning á ferli/ljósmyndir/texti og smærri verkefni		20%
Framlag	Ástundun, vinnusemi, stundvísi, umgengni		10%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>

Opið hús er 5. desember frá 20 - 21.30. Verk skulu sótt á prófsýnidegi 19. des. kl.11- 13

Símar er nýttir til náms en annars ekki.

Með fyrirvara um breytingar

Dagsetning:

19.8.19 *Anna Vals*  
Undirritun kennara  
*Jónas Eiríksson*  
Undirritun kennara

19.08.2019  
*Veronika*  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils